



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

584. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, föstudaginn 6. september 2024
og hófst hann kl. 14:30.

Fundinn sátu:

Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH

Þór Sigurgeirsson, varaformaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfél.á hbsv. - 2409007

Fyrirliggjandi er tölvupóstur innviðaráðuneytisins, dags. 6. september 2024, þar sem fram kemur ósk um tilnefningu SSH á þremur fulltrúum í stýrihóp sem bera mun ábyrgð á vinnu við undirbúning stofnunar nýs félags á um almenningssagöngur á höfuðborgarsvæðinu. Er skipan stýrihópsins til samræmis við og liður í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald sem undirritaður var 21. ágúst sl. Umræður.

Niðurstaða:

Eftirfarandi eru tilnefnd af hálfu SSH í stýrihóp sem ber ábyrgð á vinnu við undirbúning nýs félags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu:

Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogsbæjar.

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundað verði með kjörnum fulltrúum á höfuðborgarsvæðinu og Stefnumráði byggðasamlaganna eftir því sem málum vindur fram. Er þá einnig gert ráð fyrir því að fulltrúar SSH í stýrihópnum sækja sérfræðipækkingu til starfsfólks Strætó bs. og sveitarfélaganna eftir því sem tilefni er til.

2. Fyrirkomulag almenningssamgangna á Íslandi - 2109008

Fyrirliggjandi er tölvupóstur innviðaráðuneytisins dag. 3. september sl. með beiðni um tilnefningu í starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra að fyrirkomulagi almenningssamgangna á Íslandi. Fyrri starfshópur var skipaður 21. september 2021 og hefur starfað, með hléum, síðan. Nýjum starfshópi er ætlað að vinna á grunni þeirrar vinnu sem þegar hefur farið fram. Núverandi fulltrúi SSH í starfshópnum er Páll Björgvin Guðmundsson, en til samræmis við 28. gr. jafnréttislaga nr. 150/2020 voru hann og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH tilnefnd af hálfu SSH.

Verður starfshópurinn skipaður til og með 30. nóvember 2024, en honum er



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

ætlað að skila tillögum að fyrirkomulagi almenningssamgangna til ráðherra fyrir 13. nóvember nk. Tillögurnar verða nýttar við vinnu ráðuneytisins við smíði lagafrumvarps um almenningssamgöngur á Íslandi, óháð samgöngumáta, og skulu m.a. miða að samþættu leiðarkerfi og því að efla almenningssamgöngur milli byggða með því að gera þjónustuna aðgengilegri og meira aðlaðandi fyrir notendur.

Niðurstaða:

Samþykkt er að tilnefning SSH verði óbreytt frá því sem verið hefur. Eru Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir því tilnefnd af hálfu SSH.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.